fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

Íslandsvinur sýnir í Ásmundarsafni

Menningarelítan fjölmennti á opnun þýska listmálarans BerndtsngaðKoberling í Ásmundarsal síðustu helgi. Sýningin heitir „Grýttur vegur“ og þar sýnir Koberling vatnslitamyndir sem hann málaði í Loðmundarfirði haustið 2004, en listamaðurinn hefur leitað fanga þar í nær þrjátíu ár.



MENNINGARPOSTULINN Stefán Jón Hafstein var að sjálfsögðu á staðnum.



ÍSLANDSVINUR Koberling hefur leitað innblásturs í Loðmundarfirði í 30 ár.



ÁNÆGÐUR MEÐ SÝNINGUNA Berndt Koberling listamaður.



SÝNING BERNDTS KOBERLING í Ásmundarsal.




HAMINGJUÓSKIR Bera Nordal óskar listamanninum til hamingju um leið og hún opnar sýninguna.



ALVÖRUMÁL - HILMAR ODDSSON KVIKMYNDALEIKSTJÓRI fylgist grannt með ræðuhöldum. Við hlið hans er leikkonan Nanna Kristín Magnúsdóttir.

Da Vinci tölvuleikur



Tölvuleikur byggður á kvikmyndinni Da Vinci lykillinn er væntanlegur frá tölvuleikjaframleiðandanum 2K. Myndin er byggð á metsölubók bandaríska rithöfundarins Dans Brown.

Leikurinn, sem verður blanda af spennu og hasar, verður gefinn út um leið og myndin, í maí á næsta ári. Hann mun snúast um leynisamfélög, aldagömul samsæri og hefnd. Bókin Da Vinci lykillinn hefur þegar selst í meira en 38,6 milljónum eintaka og hefur verið þýdd á 42 tungumál.





MADONNA Hún sló öllum við á nýafstaðinni MTV hátíð þar sem hún mætti á sviðið í diskókúlu.

Klæðskiptingur á MTV-hátíð

Madonna stal senunni algjörlega á Evrópsku MTV-verðlaunahátíðinni þegar hún frumflutti nýjasta lagið sitt Hung Up. Hún kom á sviðið í risastórri diskókúlu og var klædd í leðurjakka, stígvél, bikinibuxur og með palíettubelti og allt var þetta í fjólubláum lit. „Mér fannst stórkostlegt að geta farið upp á svið og dansað, einkum og sér í lagi vegna þess að ég er búin að jafna mig eftir hestaslysið,“ sagði Madonna. „Að vera þarna fyrir framan alla og bíða eftir að koma upp, bíða eftir að sjá áhorfendurna, hjartað var að hoppa út úr brjóstinu á mér!“ Eftir atriðið grínaðist kynnirinn Borat og spurði áhorfendur: „Þessi söngvari á undan mér, hver var hann? Mér finnst nú rosalegt að hefja MTV-hátíðina á klæðskiptingi!“